

Gleðilegt nýtt ár.

# Skóla-akur



Vefrit um skólamál 1. tbl. 10. árg. 14. janúar 2016

Myndir augnabliksins eru frá Engjarós á Kíðagili og sýna skuggaleiki með myndvarpa.



## Innritun í leikskóla fyrir skólaárið 2016 - 2017.

Foreldrum sem óska eftir leikskóla fyrir börn sín skólaárið 2016 - 2017 er bent á að mikilvægt er að skila inn umsókn um leikskóla fyrir 15. febrúar n.k. Hið sama gildir um foreldra sem óska eftir flutningi milli leikskóla fyrir börn sín. Umsóknum skal skilað á rafrænu formi.

[Umsókn um leikskóla](#)

[Umsókn um flutning milli leikskóla](#)

ATH á eyðublaðinu eru kennitölur skrifaðar án bandstriks.

Mikilvægt er að foreldrar kynni sér leikskólana, strauma þeirra og stefnur í kennslu barna áður en umsókn er skráð. Hægt er að nálgast upplýsingar um leikskóla á Akureyri [hér](#)

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðum leikskólanna.

Ítrekað er mikilvægi þess að allar umsóknir ásamt beiðnum um flutning milli leikskóla hafi borist á rafrænu formi fyrir 15. febrúar n.k. Ef umsóknir berast eftir þann tíma er ekki hægt að tryggja að flutningur milli leikskóla geti átt sér stað fyrir komandi skólaár. Einnig má benda á að margir leikskólar fyllast strax á fyrstu dögum innritunar og sé umsóknum skilað of seint má allt eins búast við að innritun verði þegar lokið í þá leikskóla.

## Vegleg bókaþjóf.

Foreldrafélag Brekkuskóla gaf skólanum yfir 200 nýjar bækur fyrir jólin. Foreldrafélagið fékk nemendur á öllum skólastigum til að setja saman óskalista yfir þær bækur sem nemendur langaði til að lesa. Bókaþjófing byggir meðal annars á þeim lista.

Í tilkynningu frá foreldrafélaginu kemur fram að þar sem nú fari í hönd mikið lestrarátak á landsvísu hafi það þótt viðeigandi að gefa skólabókasafninu bókaþjóf. Fjölbreytt úrval bóka á skólasafni sé mikilvægt fyrir nemendur til að örva og efla lestur. Á þennan hátt styður foreldrafélagið við skólasafnið í því að sinna sínu hlutverki og að nemendur hafi



aðgang að lesefni sér til gamans og gagns. Undanfarnir ár hafa myndast langir biðlistar eftir vinsælum bókum á skólasafninu en með þessari gjöf munu þeir styttest verulega.

Á aðalfundi foreldrafélagsins í haust ræddi sérfræðingur frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri við foreldra um mikilvægi þess að kveikja áhuga barna og unglinga á lestri, og það væri helst gert með því að bjóða þeim upp á fjölbreyttan bókaþjóf og ýta undir val þeirra á alls kyns lesefni, teiknimyndasögum, skáldsögum, fræðibókum, íþróttæfni og fleira.

## Styrkir úr Sprotasjóði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki úr Sprotasjóði leik-, grunn- og framhaldsskóla vegna skólaársins 2016-2017. Tekið er á móti umsóknum frá 12. janúar til 26. febrúar 2016. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi.

Áherslusvið sjóðsins verða að þessu sinni:

- Frumkvöðla- og nýsköpunarmennt
- Nemendur af erlendum uppruna
- Námsmat á mörkum skólastiga

Við mat á umsóknum verður skoðað hvernig verkefni falla að hlutverki Sprotasjóðs ásamt því að markmið verkefnis séu skýrt fram sett, að verkefnisstjórn sé vel skilgreind, að raunhæfar kostnaðar-, verk- og tímaáætlanir séu lagðar fram og að framlag samstarfsaðila sé tryggt og vel skilgreint. Sjá nánar: <https://www.menntamalaraduneyti.is/auglysingar/styrkir-ur-sprotasjodi>

Skóla-akur er vefþingarmarít sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

**Ritstjóri:** Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hríssey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

**Markmið blaðsins** er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Fjarfundarámskeið í gerð Nordplus umsókna.

Ágætu kennarar og aðrir á Norðurlandi

Fjarfundarámskeið í gerð Nordplus umsókna verður haldið **18. janúar kl. 15:00**, ef næg þátttaka fæst, fyrir þá sem **eru þegar með hugmyndir að Nordplusverkefni**.

Forritið Adobe Connect, sem hægt er að hlaða niður af netinu, verður notað til fjarfundarins.

Umsóknakerfið Espresso verður útskýrt og farið verður yfir helstu atriði sem ber að hafa hugfast við umsóknaskrif í Nordplus menntaáætlunina. Í fyrrihluta verður áhersla á umsóknir fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara (mobility umsóknir) en í þessum umsóknum þarf ekki að skila fjárhagsáætlun.

Í seinni hluta verða verkefnaumsóknir (þriggja landa samstarf) og þá verður jafnframt farið yfir gerð fjárhagsáætlana.

Áhugasamir eru beðnir um að skrá sig með tölvupósti til [mariajons@akureyri.is](mailto:mariajons@akureyri.is) þ.s. tekið er fram hvort það eru mobility umsóknir eða þriggja landa samstarfsverkefni sem viðkomandi vill leggja áherslu á.

Hægt er að afla sér upplýsinga um Nordplus á heimasíðunni [www.nordplus.is](http://www.nordplus.is)

*Norræna upplýsingaskrifstofan*

## Stöðluð vitnisburðarskírteini fyrir útskrift úr grunnskóla.

Menntamálastofnun vinnur að stöðluðu vitnisburðarskírteini til notkunar við útskrift nemenda úr 10. bekk grunnskóla. Upplýsingar um drög að vitnisburðarskírteini til notkunar vorið 2016 hafa verið send á stjórnendur grunnskóla og er nú opið til skoðunar.

Allar ábendingar um það sem notendur telja að betur megi fara þurfa að berast fyrir **18. janúar** á netfangið [ellen.klara.eyjolfsdottir@mms.is](mailto:ellen.klara.eyjolfsdottir@mms.is)

## Miðstöð skólaþróunar - Vorráðstefna 2016.

*Snjallari saman*

Vorráðstefna um menntavísindi á vegum miðstöðvar skólaþróunar HA verður haldin í Háskólanum á Akureyri laugardaginn 16. apríl 2016. Ráðstefnan er að þessu sinni tileinkuð notkun upplýsingatækni og miðlunar í skólastarfi. Markmiðið er að varpa ljósi á gildi stafrænnar tækni í skólastarfi og hvernig hægt er að nota tæknina á fjölbreyttan hátt til stuðnings í námi og kennslu.

Efni ráðstefnunnar er að venju sniðið að leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Aðalfyrirlesarar:

- Kjartan Ólafsson lektor og formaður félagsvísindadeildar Háskólans á Akureyri.
- Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir grunnskólakennarar í Brekkuskóla á Akureyri.
- Tryggvi Thayer verkefnisstjóri Menntamiðju við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Auk aðalfyrirlestra verða málstofur þar sem reifuð verða ýmis mál er lúta að þróun tölvu-, upplýsingatækni og miðlun í skólastarfi einnig verður boðið upp á smíðjur þar sem ráðstefnugestum gefst tækifæri til að sjá og kynna hvernig hægt er að nota og jafnvel prófa verkfæri sem tengjast tölvu- og upplýsingatækni.

Frestur til að senda inn lýsingu á erindi eða smíðju að hámarki 200 orð er til 15. janúar 2016.

Nánari upplýsingar veita Hólmfríður Árnadóttir, sími. 460 8571, netfang: [hoa@unak.is](mailto:hoa@unak.is) og Sólveig Zophoníasdóttir, sími. 460 8564, net-

## Marglyttuhópur á Tröllaborgum.

Hópurinn var að vinna í listalaut og var stafurinn N málaður á blað og síðan gerði hópurinn tilraun með mjólk, matarlit og sápu og fannst þeim mjög skemmtilegt hvernig matarliturinn „dansaði“ í mjólkinni þegar sápan var sett í.



## Boðið á tónleika.

Menningarfélag Akureyrar og Norðurorka bjóða 5 og 6 ára börnum á Akureyri (fæddum 2009 og 2010) á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands – Frost. Boðið er liður í samfélagsverkefni Norðurorku og Menningarfélags Akureyrar en markmið þess er að færa menninguna nær íbúum bæjarins og auka aðgengi hennar fyrir hvern sem er.